

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 128/950*  
*komudagur 10.2.2003*



**Allsherjarnefnd Alþingis,  
b.t. nefndarsviðs Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.**

Reykjavík, 4. febrúar 2003.

Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um almannavarnir o.fl. 464. mál.

Neyðarlínan telur að framkomnar breytingar á lögum um almannavarnir séu framför og til mikilla bóta. Samkvæmt gildandi lögum fara lögreglustjórar með stjórn almannavarna. Almarnavarnir ríkisins eru almannavarnanefndum til aðstoðar sé þess óskað og samræma bjargir milli almannavarnasvæða. Frumvarpið skerpir á ákvæðum lögreglulaga um stjórnun í almannavarnaástandi og eru þessar breytingar af hinu góða og skýra ábyrgð og hlutverk aðila.

Varðandi ákvæði um samstarfsnefnd um almannavarnir telur Neyðarlínan að kveða mætti með skýrari hætti á um hlutverk hennar. Margar athugasemdir hafa þegar borist allsherjarnefnd er varða umrædda nefnd. Því er gerð sú tillaga að ákvæðinu verði breytt með þeim hætti að í stað sérstakrar nefndar, samstarfsnefndar um almannavarnir, komi Almarnavarnaráð. Almarnavarnaráð hefði það hlutverk að vera ríkisstjórninni til ráðgjafar um almannavarnir og yrði skipað fulltrúum frá helstu ríkisstofnunum sem almannavarnir varða, fulltrúum sveitarfélaga og viðbragðsaðila, svo sem björgunarsveita og mannúðarsamtaka. Jafnframt væri æskilegt að formaður ráðsins yrði óháður þeim aðilum sem skipa Almarnavarnaráð og skipaður án tilnefningar af dómsmálaráðherra.

Eitt af meginhlutverkum almannavarnaráðs í nýju skipulagi væri að hefja endurskoðun laga um almannavarnir og einnig gæti ráðið komið að heildarskipulagi mála í væntanlegri stjórnstöð leitar og björgunar.

Með þessum breytingum ætti að nást sátt um þessar mikilvægu breytingar á lögum um almannavarnir.

Virðingarfyllst

Þórhallur Ólafsson  
Framkvæmdastjóri Neyðarlínunnar

NEYÐARLÍNAN hf.  
Skógarhlíð 14  
105 Reykjavík  
Sími 570 2000  
Fax 570 2001  
[www.neydarlinan.is](http://www.neydarlinan.is)




Dómsmálaráðuneyti

Ríkislögreglustjóri

Lögreglustjórar

Vettvangsstjórn



Ríkisstjórn Íslands

\* **Formaður**

**Almannavarnaráð**

**Björgunarmiðstöð  
Íslands**

\* Skipaður af  
Dómsmálaráðherra  
Óháður